

Skráning kartöflukofa við Reykjanesbraut



Heiðrún Eva Konráðsdóttir sagnfræðingur

Byggðasafn Hafnarfjarðar 2019

Kartöflukofar við Reykjanesbraut

Uppmæling kartöflukofa á Reykjanesbraut var gerð að beiðni Minjastofnunnar Íslands þar sem þeir víkja fyrir breikkun Reykjanesbrautar. Kofarnir voru mældir upp af Ingvari Reynissyni hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar ásamt Katrínu Gunnarsdóttur árið 2011. Heiðrún Eva Konráðsdóttir mældi syðri kofann upp aftur í október 2019, með Trimble tæki sem hún fékk að láni frá Minjastofnun Íslands.

Kofarnir heyra ekki til fornleifa þar sem þeir voru byggðir milli 1923-1940. Katrín Gunnarsdóttir þáverandi starfsmaður Byggðasafns Hafnarfjarðar leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins (í dag Minjastofnun) í bréfi þann 20. febrúar 2011. Fornleifavernd svaraði bréfinu 9. mars 2011 og taldi að leita þyrfti álits húsafriðunarnefndar vegna niðurrifs á kartöflukofunum en sagði jafnframt: „Í bréfi byggðasafnsins kemur fram að kartöflukofarnir eru sennilega byggðir skömmu eftir 1923. Í 9. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) segir að til fornleifa teljist hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Minjar 100 ára og eldri teljist til fornleifa. Kartöflukofarnir njóta því ekki friðunar skv. Þjóðminjalögum. Í bréfi byggðasafnsins segir jafnframt að kofarnir hafi verið mældir upp og að fyrirhugað sé að taka af þeim ljósmyndir þannig að upplýsingar um þá verði varðveittar sem hluti af búsetusögu Hafnarfjarðar. Fornleifavernd ríkisins telur þetta fullnægjandi mótvægisáðgerðir og leggst ekki gegn því að kartöflukofarnir verði fjarlægðir. ...“ Í svarbréfi Húsafriðunarnefndar frá 13. apríl 2011 segir: „Á fundi Húsafriðunarnefndar þann 8. apríl 2001[á að vera 2011]voru lögð fram bréf Karls Rúnars Þórssonar, Byggðasafni Hafnarfjarðar, dags. 16. mars 2011, þar sem óskað er umsagnar vegna fyrirhugaðs niðurrifs á tveimur kartöflukofum við Reykjanesbraut og einum að Hellubraut 7 í Hafnarfirði. Bréf Fornleifaverndar ríkisins til Byggðasafnsins, dags. 6. mars 2011, einnig lögð fram. Eftirfarandi bókun var samþykkt: Ljóst er að allir hafa þessir kartöflukofar nokkuð varðveislugildi þar sem þeir bera vitni um lífshætti og lífsviðurværi þjóðarinnar á fyrri helmingi 20. aldar. Áður en kofarnir verða rifnir skal gera á þeim nauðsynlegar rannsóknir t.a.m. að mæla þá upp, teikna og ljósmynda....,

Heiðrún Eva Konráðsdóttir gekk svæðið í maí 2019 ásamt Rósu Karen Borgþórsdóttur. Myndir voru teknar af syðri kofanum, hinn var þá þegar horfinn en ein mynd fannst af honum í fórum safnsins eftir óþekktan ljósmyndara. Kort af minjunum vann Elsa Guðmunda Jónsdóttir landfræðingur á Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar árið 2011. Um samantekt skýrslu sá Heiðrún Eva Konráðsdóttir.

Eins og segir í bókun Húsafriðunarnefndar frá árinu 2011 hafa kofarnir nokkuð varðveislugildi þar sem þeir bera vitni um lífshætti og lífsviðurværi þjóðarinnar á fyrri helmingi 20. aldar. Hafnarfjarðarbær ákvað að varðveita sambærilegan kartöflukofa ofar í Áslandinu og stendur hann enn við Goðatorg, hringtorg við Ásbraut.

Kartöflukofi 2067-1



Nr. fornleifar: 2067-1

Gamalt nr: 170-077

Hlutverk: Kartöflukofi

Tegund: Hús

Aldur: 1923-1940

Hnit: 355358,315 - 398162,756

Staðarhættir: Kofinn stendur 5-10 m austan við Reykjanesbrautina, milli vegstæðisins og manar. Svæðið er grasi og mosa gróið.

Lýsing: Kofinn er um 9 m á lengd en 7 m á breidd að utanverðu en gólfhlöturinn að innanverðu er 2,7 m á breidd, 3,6 m á lengd og 1,8 m á hæð. Kofinn er steiptur að innan, einnig loftið en tyrfdur að utan. Járn hefur verið sett á þakið, ofan á steypuna áður en tyrft var yfir. Opið á kofanum snýr í suð-vestur. Samkvæmt heimildarmanni Katrínar Gunnarsdóttur frá árinu 2011 eru þessir kofar að öllum líkindum frá þriðja áratugi síðustu aldar. Þeir standa efst í túni er ávallt var kallað Ásvellir sem var eitt af þremur túnum sem Gísli Gunnarsson (1876-1962) slökkviliðsstjóri og kaupmaður í Gíslabúð átti. Sigurður Gíslason sonur hans tók við fjárbúinu af föður sínum árið 1960 en þá hafði Reykjanesbrautin þegar verið lögð yfir efsta hluta túnsins. Þeir feðgar héldu áfram að rækta kartöflur ofan og neðan vegarins eftir að hann var lagður og kofarnir voru notaðir býsna lengi.

Í fornleifaskýrslu Elínar Óskar Hreiðarsdóttur frá árinu 2001: Fornleifakönnun. Reykjanesbraut. Fornleifastofnun Íslands segir: „Afrúnuð bygging úr torfi er um 5-10 m austan við Reykjanesbraut og um 130 m norðan við stekkin (068). Bygging þessi virðist hafa verið steipt að innan en þar utan um hefur verið tyrft. Hún er líklega mjög ung. Húsið er í kanti Reykjanesbrautar á grasi grónu svæði. Húsið er algróið grasi og stendur enn þó að það sé greinilega ekki notað lengur. Það er um 9 m á breidd og 7 m á lengd talið er að húsið sé leifar herminja sem í seinni tíð var e.t.v. notuð sem geymsla (kartöflur).“ Ekki var unnt að finna neinar heimildir sem styðja það að húsið sé byggt á stríðsárunum, meiri líkur eru á að þetta sé eins og fyrr segir kartöflukofi sem byggður var á eða í kring um þriðja áratug 20. aldarinnar.

Minjagildi: Nokkuð
Hætta: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegagerð
Ástand: Vel greinanleg

Kartöflukofi 2067-2



Nr. fornleifar: 2067-2
Hlutverk: Kartöflukofi
Tegund: Hús
Aldur: 1923-1940
Hnit: 355834,66 - 398295,27
Staðarhættir: Kofinn stóð um 20-30 m austan við Reykjanesbrautina. Milli vegstæðis Reykjanesbrautar og Ásbrautar. Svæðið var grasigróið.

Lýsing: Kofinn var um 8 m að lengd og 5 á breidd, kofinn var gerður úr torfi og viður var inn í kofanum. Kofinn er af allt annarri lögun en syðri kofinn 2067-1. Opið er í norð-vestur Samkvæmt heimildarmanni Katrínar Gunnarsdóttur frá árinu 2011 eru þessir kofar að öllum líkindum frá þriðja áratugi síðustu aldar. Þeir standa efst í túni er ávallt var kallað Ásvellir sem var eitt af þremur túnunum sem Gísli Gunnarsson (1876-1962) slökkviliðsstjóri og kaupmaður í Gíslabúð átti. Sigurður Gíslason sonur hans tók við fjárbúinu af fjöður sínum árið 1960 en þá hafði Reykjanesbrautin þegar verið lögð yfir efsta hluta túnsins. Þeir feðgar héldu áfram að rækta kartöflur ofan og neðan vegarins eftir að hann var lagður og kofarnir voru notaðir býsna lengi.

Minjagildi: Nokkuð
Hætta: Hætta
Hættuorsök: Vegagerð
Ástand: Horfin

Niðurstöður

Kofarnir tveir við Reykjanesbraut hafa verið mældir upp og ljósmyndaðir og verða því heimildir um þá varðveittar sem hluti af búsetusögu Hafnarfjarðar. Þeir koma til með að víkja fyrir breikkun Reykjanesbrautar. Kofarnir bera vitni um lífshætti og lífsviðurværi Hafnfirðinga á fyrrihluta 20. aldar. Hafnarfjarðarbær ákvað að varðveita sambærilegan kartöflukofa ofar í Áslandinu og stendur hann enn við Goðatorg, hringtorg við Ásbraut.

Kort af kartöflukofunum



Punktaskrá

2067-1	355358,315	398162,756
2067-2	355834,66	398295,27

Heimildaskrá

Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Fornleifakönnun. Reykjanesbraut. Fornleifastofnun Íslands.* Reykjavík 2001.

Katrín Gunnarsdóttir: Bréf Byggðasafns Hafnarfjarðar til Fornleifaverndar ríkisins dagsett 20.02.2011.

Katrín Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði.* Byggðasafn Hafnarfjarðar. 2005.

Kristinn Magnússon: Bréf Fornleifaverndar ríkisins til Byggðasafns Hafnarfjarðar dagsett 09.03.2011.

Nikulás Úlfar Músson: Bréf Húsafriðunarnefndar til Byggðasafns Hafnarfjarðar dagsett 13.04.2011.